

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 137 – 28.09.2010

Þriðjudaginn 28. september árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Úlfar Sveinsson, Gísli Sigurðsson varamaður Jóns Magnússonar, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010.
2. Endurskoðun á afsláttum á heitu og köldu vatni til Versins.
3. Gjaldskrá á sjó til Rækjuvinnslunnar Dögunar ehf.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson kynnti stöðu á fjárhagsáætlun 2010. Samþykkt að gera ekki breytingar á fjárhagsáætlun.
2. Samþykkt að afsláttur á heitu og köldu vatni til Háskólans á Hólum vegna Versins á Sauðárkróki, verði 50% af gjaldskrá frá 1. janúar 2011
3. Samþykkt að verð á rúmmetra á sjó verði 75% af gjaldskrá á köldu vatni og fylgi gjaldskrá Vatnsveitunnar. Mælaleiga verður sú sama og hjá Vatnsveitunni.
4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Gísli Sigurðsson (sign)
Páll Pálsson (sign)